



## UMRÆÐUR og NEFNDASTÖRF

### Fyrsta umræða í sal 10. október

Sjö framsöguerindi formanna nefnda, sem fara yfir tillögur miðstjórnar um málefni þingsins og lagabreytingar. Tillaga átta aðildarfélaga SGS jafnframt kynnt af talsmanni tillögu í þingsal. Orðið gefið laust að loknum framsögum. Á þessu stigi er ekki gert ráð fyrir breytingartillögum en heimilt er að leggja slíkar tillögur fram.

Að umræðu lokinni er tillögum miðstjórnar og öðrum tillögum, vísað til viðeigandi málefnanefndar. Tillögu átta aðildarfélaga er vísað til málefnanefndar „Efnahagur, kjör og skattar“.

### Nefndarstörf í þremur áföngum

#### Almennt:

Í hverri málefnanefnd eru fyrirbyggjandi tillögur úr fyrstu umræðu til meðferðar og geta þingfulltrúar í nefndinni gert breytingar á þeim. Allir nefndarfulltrúar geta farið í pontu eða fengið orðið (laus hljóðnemi) og borið fram tillögu um breytingar. Formaður nefndar kannar hug hópsins og ef meirihluti er fyrir breytingu fer hún inn í skjalið í „track changes“.

#### Nánar:

Á 45 þingi er umræðan í nefndum í þremur áföngum. Hver málefnanefnd er keyrð tvisvar á þriðjudeginum og einu sinni á miðvikudeginum til endanlegrar afgreiðslu. Hver þingfulltrúi tekur þátt í fjórum málefnanefndum á þriðjudeginum og tveimur f.h. á miðvikudeginum.

Eftir fyrstu yfirferð fyrir hádegi skilar sá hópur skjali til næstu yfirferðar með öllum tillögum sínum auðkenndum í „track changes“. Þannig sér seinni hópurinn hvað fyrri hópurinn er að leggja til og geri síðan sínar tillögur einnig í „track changes“. Seinni hópurinn breytir í engu tillögum fyrri hóps en setur fram sínar eigin eða segist samþykkur þeim sem fyrri hópur lagði til.

Ritnefnd samræmir og gengur frá skjali eftir þessar tvær yfirferðir og útbýr skjal til endanlegrar umræðu og afgreiðslu, f.h. á miðvikudeginum en þá eru allar breytingar afgreiddar endanlega. Þær breytingar sem nefndin vill að endanlega verði skal auðkenna með skýrum hætti með „nota track changes“ og er ritnefnd nefndarinnar falinn endanlegur frágangur skjalsins til annarrar umræðu í þingsal e.h. á miðvikudeginum, þar sem gerð er grein fyrir þeim breytingum sem nefndin hefur orðið ásátt um.

Endanlega tillaga málefnanefndar fer síðan til annarrar umræðu í þingsal telst ekki breytingatillaga og er lögð fyrir til afgreiðslu eins og hún kemur frá nefndinni.

Í öllum þremur áföngum nefndarstarfa ræður meirihluti niðurstöðu. Hlutverk nefndarformanns er að sjá til þess að allar tillögur geti komið fram, munnlegar eða skriflegar og best að vinna þetta á stórum skjá þar sem skjalinu er varpað upp og tillögur unnar í „track changes“. Mikilvægasta hlutverk hans er þó alla jafna að ná sátt í nefndinni. Það er ekki hlutverk hóps 2 að afgreiða það sem kom frá hópi 1 en sem setur þó fram álit sitt á því og gerir sínar eigin breytingar. Þannig fer skjalið til lokafrágangs í 3 áfanga nefndarstarfa. Best er að nota handauppréttingu til þess að kanna hug nefndarmanna og auðvelt, alla jafna, að sjá hver afstaða meirihlutans er hverju sinni.



### **Önnur umræða í sal e.h. 12. október**

Tillaga málefnanefndar kynnt í þingsal af formanni nefndar. Orðið gefið laust að loknum framsögum.

Allir þingfulltrúar, hvort sem þeir hafa setið nefndina eða ekki geta lagt fram formlega breytingartillögu við tillögu nefndarinnar með skriflegum stuðningi 15 þingfulltrúa og ræðast þær tillögur samhliða tillögu nefndarinnar.